Skráningartafla:	Strandvegur 82b. Vestmannaeyjum - VSV.					**Skrásetjari:**	Sverrir Ágústsson										
Landeignanúmer:	L161408					**Kennitala:**	220565-4089										
Matshlutanúmer:	01				Útgáfa: 5.00	**Dags.:**	2.10.2024										
Uppskipting og lýsing					**Stærðir**												
D0	D1	D2	D3	D4	D5	D5M	D6	D7	D8	D9	D10a	D10b	D11	D12	D13	D14	D15
Lokun	Rýmis hæð-nið	Notkun texti	Hólfuð-flokkun	Eignar-hald	Botnflötur m^2	Milliflötur m^2	Stigar m^2	Op m^2	Brúttóflötur m^2	Brúttóflötur sh < 1.8	Salarhæð min	Salarhæð max	Brúttó rúmmál m^3	Nettóflötur m^2	Birt flatarmál m^2	Reiknistala skiptarúmmáls	Skipta-rúmmál m^3
		Matshluti			6.419,7	0,0	23,5	375,4	6.044,3	0,0			35.429,1	4.957,9	6.044,3		26.806,767
		Botn											616,3				
	00	**Kjallari**			330,4	0,0	3,0	0,0	330,4	0,0			1.406,8	292,0	330,4		
A	0001	**Tankar**	T	0101	330,4		3,0		330,4		3,42	4,63	1.406,8	292,0	330,4	4,26	1.243,920
	01	**1. hæð**			3.036,5	0,0	20,5	28,3	3.008,2	0,0			17.181,7	2.177,5	3.008,2		
A	0101	**Vinnslusalur**	N	0101	2.282,5		20,5	28,3	2.254,2		4,00	9,60	13.260,9	1.447,5	2.254,2	5,81	8.409,975
A	0102	**Umbúðir**	N	0101	754,0				754,0		5,20	5,20	3.920,8	730,0	754,0	5,20	3.796,000
C	0103	**Útitröppur**	U	0101	4,0				4,0								
	02	**2. hæð**			3.052,8	0,0	0,0	347,1	2.705,7	0,0			16.224,3	2.488,4	2.705,7		
A	0201	**Vinnslusalur**	N	0101	2.298,8			347,1	1.951,7		4,48	5,59	11.602,3	1.758,5	1.951,7	5,05	8.870,325
A	0202	**Umbúðir**	N	0101	754,0				754,0		3,85	7,28	4.622,0	731,9	754,0	6,13	4.486,547
C	0203	**Svalir**	U	0101	3,1				3,1								
C	0204	**Svalir**	U	0101	50,0				50,0								
C	0205	**Útitröppur**	U	0101	12,0				12,0								

Athugasemdir

Sameiginir sumra

	Eignar-hald	Notkun texti	Y-eignarhald	Notkun texti	Notkun-regla	Eignarhlutur

	Skiptarúmmál				
	Eignar-hald	Notkun texti	Birt flatarmál m^2	Sérnegin-mir án sameiginar	Sérnegin og sameigin m^3
	0101	**Vinnslusalur**	6.044,3	26.806,767	26.806,767
		Alls	**6.044,3**	26.806,767	**26.806,767**

		Botnplata		Hjálpflettir					
	Lóð m^2	Botnplata m^2	Botnplata m^2	Útveggir m^2	Þar af: Glugga- og dyraop m^2	Þak m^2	Þar af: Þakglugga- og þakop m^2	Eitt hæðarkerfi	Innivist of/án þaðar
Matshluti	35410,0	616,3	3.081,9	840,2	46,4	3.146,8	0,0	15,9	291,1

Yfirlit	D5 Botnflötur m^2	D5M milliflötur m^2	D7 op m^2	D8 Brúttóflötur m^2 með V og F	D9 Brúttóflötur undir 1,8 m með V og F	D11 Brúttórúmmál m^3	D12 Nettóflötur m^2	D13 birt flatarmál m^2
A rými	6.419,7		375,4	6.044,3		34.812,8	4.957,9	6.044,3
Svalir A lokaðir								
B rými								
C rými	69,1							
Fylgirými (F)								
Afgangsrými (V)								
Botnplata						616,3		
Samtals:	**6.488,8**	**0,0**	**375,4**	**6.044,3**	**0,0**	**35.429,1**	**4.957,9**	**6.044,3**

Flatarmál nýtingarhlutfalls er A rými + B rými, undanskilið er brúttóflatarmál rýma með salarhæð lægri en 1,8 m, samkvæmt skipulagsreglugerð 2013 (breyting var gerð 2016). Notkun rýma hefur ekki áhrif á útreikning nýtingarhlutfalls.

	m^2	Lóð m^2	Hlutfall
Flatarmál til útreiknings nýtingarhlutfalls	**6.044,3**	**35.410,0**	**0,17**

Brunavarnir

Flokkun og notkun byggingar
Í byggingunni verður ný hreinsistöð og vinnslusalir ásamt umbúðageymslu. Viðbyggingin er að mestu leiti á tveimur hæðum (vinnslusalir og umbúðageymsla) en hreinsistöð og innmötun verða opin upp á milli hæða. Viðbyggingin er í notkunarflokki 1 skv. byggingarreglugerð nr. 112/2012 með áorðnum breytingum. Eftirfarandi brunavarnalýsing fyrir húsið er gerð af Lotu ráðgjöf í febrúar 2023 og uppfærð í júlí sama ár.

Meginbrunahólf/Brunahólf
Umbúðageymsla er eitt meginbrunahólf með REI90 veggjum og EI60-CS hurðum. Vinnslusalur er eitt meginbrunahólf á hvorri hæð með REI 90 hæðaskilum. Hreinsistöð er sér brunahólf ásamt vaktrými með EI60 veggjum, EI 60 glugga og REI 90 vegg að aðliggjandi húsi. Innmötun er sér brunahólf með EI 60 veggjum að vinnslu og REI 90 vegg að eldri hluta. Lyftararými eru sér brunahólf með EI 60 veggjum og EI 30-CS hurðum. Töflurými er sér brunahólf með EI 60 veggjum og EI 30-CS hurð.

Burðarvirki
Aðalburðarvirki hússins skal ná a.m.k. R60 brunamótstöðu en þó aldrei minna en brunakröfur eru á veggi viðkomandi svæðis. T.d. skal burðarvirki ná a.m.k. R90 í meginbrunahólfunarskilum.
Brunamótstaða burðarvirkis þaks verður a.m.k. R30.

Klæðningar
Klæðningar skulu uppfylla almennar kröfur til klæðninga í flokki 1. Þakklæðningar verða a.m.k. í flokki T eða B(roof.). (t2).

Fólksfjöldi og flóttaleiðir
Hvergi er lengra en 45 m í útgang eða annað brunahólf.

Neðri hæð: Frá hreinsistöð eru tvær óháðar flóttaleiðir beint út. Frá umbúðageymslu er flóttaleið annars vegar beint út og hins vegar inn í vinnslusal. Frá vinnslusal eru þrjár flóttaleiðir beint út og ein flóttaleið út í gegnum umbúðageymslu. Frá innmötun eru flóttaleiðir annars vegar inn í vinnslusal og hins vegar inn inn í löndunarrými.

Efri hæð:
Frá umbúðageymslu eru tvær flóttaleiðir, annars vegar um vinnslusal sem er sér brunahólf og hins vegar í gegnum mótorhús og þaðan um stigahús, sem er sér brunahólf, og út. Frá vinnslusal eru tvær flóttaleiðir beint út um hringstiga og ein flóttaleið er inn í stigahús og um mótorhús og þaðan út.

Brunaviðvörunarkerfi
Viðurkennt númerað brunaviðvörunarkerfi verður í öllu húsinu skv. reglum HMS. Kerfið verður tengt við núverandi kerfi sem er tengt viðurkenndri vaktstöð. Útstöð verður staðsett við inngang umbúðageymslu Hafnargötumegin.

Lyftarahleðsla
Lyftararými eru á báðum hæðum. Þau eru sér brunahólf og skal gæta að loftræstingu frá þeim í samræmi við leiðbeiningablað HMS nr. 111.8.BR1. Ef um eldri gerð rafhlaðna er að ræða skulu afköst loftræstingar (qv) reiknuð skv. formúlunni: qv=1,4 x10-5 x l x n þar sem l er hleðslustraumur rafhlaðanna (A) og n er fjöldi sella í hleðslu. Nýrri gerðir af rafhlöðum (lithium) gefa ekki frá sér eitraðar lofttegundir við hleðslu.

Reyklosun
Reyklosun frá efri hæð umbúðageymslu verður um reyklúgu í þaki, a.m.k. 1 m2 og um innksturshurð. Frá neðri hæð umbúðageymslu verður reykræst um innksturshurð. Reyklosun frá neðri hæð vinnslusalar verður um fjórar reyklúgur efst á vegg, hver a.m.k. 0,5 m2. Reyklosun frá efri hæð vinnslusalar verður um 7 reyklúgur í þaki, hver a.m.k. 1 m2 og reyklosun frá hreynsistöð er um reyklúgu í þaki, a.m.k. 1 m2.
Reyklúgur skulu opnast við boð frá brunaviðvörunarkerfi en einnig skal vera hægt að opna þær handvirkt með hnöppum staðsettum við stjórnstöð/útstöð brunaviðvörunarkerfis.

Slöngukefli og slökkvitæki
Slöngukefli verða sett upp í húsinu skv. ÍST EN 671 þannig að þær ná út í öll horn.
Slökkvitæki skulu m.a. staðsett við innganga en auk þess í eldhúsi, matsölum og í tæknirýmum skv. reglum. Hámarks fjarlægð í næsta slökkvitæki má hvergi vera meira en 25 m. Slökkvitækin skulu sett upp af viðurkenndum aðila.
Staðsetning slöngukefla og slökkvitækja skal merkt með til þess gerðum skiltum af hæfilegri stærð miðað við sjónfjarlægð.

Út- og neyðarlýsing
Út- og neyðarlýsing verður sett upp í öllu húsinu skv. byggingarreglugerð. Reikna skal með a.m.k. 0,5 lux í rýmum stærri en 60 m2 og a.m.k. minnst 15 lux í tæknirýmum.

Aðkoma slökkviliðs
Aðkoma slökkviliðs að húsinu er frá hafnarbakka/Friðarhöfn og um Hafnargötu. Aðkoman að öllum húsunum endurskoðuð jafnóðum og uppbygging fer fram á svæðinu.

Eftirlit og viðhald brunavarnakerfa
Þjónustusamningur verður gerður um eftirlit og viðhald á brunavarnakerfum hússins (brunaviðvörunarkerfi, reyklúgum, handvirkum slökkvibúnaði og út- og neyðarlýsingu) ásamt öðrum byggingum Vinnslustöðvarinnar. Sett skal upp eigið eftirlitskerfi brunavarna fyrir Vinnslustöðina.

Byggingarlýsing

Strandvegur 82B Vestmannaeyjar
MHL: 01

Húslýsing:
Um er að ræða breytingar á mið- og suðurhluta bygginganna á lóðini.
Núverandi notkun húsanna er að hluta til yfrbyggt þróarrými (upprunanlega frá 1965) sem er notað sem vinnslu og geymslurými og opið útisvæði
("port") á milli mótorhúss (reist 2015-2017) og mjölgeymsluhúss (reist ca. 1970-1975).

Breytingar:
Þróarrýmum verður breytt þannig;
- Gólf verða hækkuð í GK: 3.42m
- Ný hreinsistöð verður reist í suðurhluta þrónna með kjallara í GK 0.00m.
- Nýtt milligólf verður byggt yfir þrærnar (GK: 8.62m); notkun vinnslusrými.
- Vesturhluti núverandi þaks hækkar um 1m í þK 14,26m.
- Austurhluti núverandi þaks hækkar um 4m í þK 13.50m.

Útisvæði (porti) verður breytt þannig:
- Komið verður fyrir milligólfi yfir allt portið í GK 8.62m.
- Byggt verður þak yfir allt portið. (8°)

Notkun:
- Notkun þróarrýma verður að hluta til hreinsistöð og að hluta til vinnslusalir.
- Notkun á nýjum byggingum í porti verður vinnslusalur og umbúðageymslur.

Lóðin: 35.410m2/
Landnúmer L161408
Staðgreinir: 8000-1-84130820 til 84130823

Burðarvirki:
Þróarrýmið verður 2ja hæða bygging reist á grunni og veggjum núverandi húss.
Aðalburðarvirki útveggja er úr járnbentri steypu. Núverandi útveggir þróa verða hækkaðir með járnbentri steinsteypu.
Op verður gert í núverandi gólf og þar steyptar vatnsgryfjur fyrir hreinsistöð. Ný milligólf eru úr 900 mm háum rifjaplötum með járnbentu ásteypulagi.
Burðarvirki þaks yfir þróarrýmum, hreinsistöð og yfirbyggingu ports er úr límtrésbitum. Megin burðarbitar verða c/c 8.000 mm og bitar sem koma þvert c/c 2.000 mm.
Þak verður klætt með berandi stál/timbur samlokueiningum.

Þök:
Þök verða klædd með steinullarfylltum (200 mm) þakeiningum með heillímdum tjörupappa.
Yzta byrði þaka verður báruálklæðning (aluzink) sem verður skrúfuð í loftaðar lektur.

Utanhúss:
Nýir útveggir í yfirbyggðu porti verða staðsteyptir, einangraðir (100 mm) að utan og klæddir með láréttu báruáli (aluzink). útveggir í þró verða klæddir með láréttu báruáli (aluzink).
Litir hússins munu taka mið af litavali núverandi húsa á staðnum (RAL7035)

Einangrunargildi hússins (U-gildi)
Við reiknað einangrunargildi húshluta er miðað er við að innihitastig hússins (Ti) verði 18°C > Ti ≥ 10°C í vinnsluhluta þess.
Í mannvistarhluta hússins, á suð-vesturhlið þess er þó miðað við að Ti ≥ 18°C.

Byggingahluti	Reiknað W/m²K	Bygginareglugerð W/m²K
Þak	0,20	0,30
Léttur útveggur	0,36	0,40
Gluggar	1,50	3,00
Gólf	0,34	0,40

Stigar og handrið:
Stigar og pallar í framleiðsluhluta hússins verða skv. ÍST EN ISO 14122-3, Öryggi véla - Varanlegar aðgönguleiðir að vélum -
Stigar og handrið í mannvistarhluta hússins verða skv. kröfum byggingareglugerðar.

Innveggir:
Innveggir eru ýmist staðsteyptir eða léttir veggir. Sjá lýsingu brunavarna um brunaþol innveggja.

Innihurðir.
Hurðir í eru með a.m.k. $EI_2 30CS_{200}m$ brunaþoli. Allar stálhurðir eru með $EI_2 30CS_{200}$ og a.m.k. 41dB hljóðeinangrun skv ISO 717 Rw.
Umferðarmál tvöfaldra innihurða er 2500 mm. Aðrar innihurðir eru með a.m.k. 900 mm umferðarmáli.

Útihurðir:
Útihurðir eru úr málmi eða 316 ryðfrítt stál með a.m.k. 900 mm umferðarmáli.
Aksturshurðir eru úr málmi á lóðréttum brautum, með neyðarbremsu og fallöryggi.

Loftræsing:
Öll lokuð rými verða loftræst skv. ákvæðum byggingarreglugerðar.

Annar tæknibúnaður:
Opnunarbúnaður: Gluggar og hlerar, ætlaðir til reyklosunar, eru með opnunarbúnaði tengdum brunaviðvörunarkerfi hússins.

Rafkerfi:
Hönnunarforsendur eru „samkvæmt staðlaröðinni ÍST HD 60364. Lagnaleiðir lág-og smáspennukerfa verða sýnilegar að mestu leiti. Innfelldar pípulagnir þar sem það á við. Utanáliggjandi pípur verða úr áli. Rafbúnaður verður hefðbundið lagnaefni af viðeigandi varnarflokki.
Lagnaleiðir utanhúss verða plastpípulagnir í jörðu og verða þær samræmdar þannig að lagnaleiðir rafkerfa fylgja lögnum annarra kerfa þar sem því verður við komið.

Raflýsing:
Megin áhersla lýsingar í byggingunni er að uppfylla kröfur byggingarreglugerðar hvað varðar vinnustaðalýsingu fyrir starfsfólk.
Lýsingarhönnun leggur áherslu á jafnvægi milli ljóss og skugga til að styðja við form- og fjarlægðarskilning, litareiginleikar ljóssins skulu einfalda litagreiningu og ljósdreifing í rýminu skal koma í veg fyrir að
starfsfólk og aðrir gestir upplifi glýju. Skv. Byggingarreglugerð verður stuðst við ÍST EN12464-1 og ÍST EN12464-2 hvað varðar lágmarkskröfur til lýsingar.
Út-ljós og Neyðarlýsing verður skv. Byggingarreglugerð og ÍST EN 1838, ÍST EN 50171 og ÍST EN 50172.

Brunaviðvörunarkerfi:
Hönnun, uppsetning og viðhald sjálfvirks brunaviðvörunarkerfis miðast við kröfur byggingarreglugerðar og viðeigandi staðla, ÍST EN 54.
Fjargæslubúnaði er komið fyrir sem fasttengir brunaviðvörunarkerfið með vaktaðri línu til viðurkennndrar öryggismiðstöðvar skv. reglum HMS.
Sjá nánar samkvæmt texta vegna brunahönnunar.

Inntök, tæknirými og helstu lagnaleiðir:
Inntak fyrir vatn er í mótorhúsi við byggingar.
Vélbúnaður loftræsikerfa er staðsettur í eða við þau rými sem hann þjónar.
Lagnir liggja almennt sýnilegar undir loftum og á veggjum.

Fráveitukerfi:
Afrennsli fráveitu er þrískipt tengt kerfum svæðisins. Stofnpípur eru PP-pípur eða PVC pípur lagðar í jörðu. Í vinnlusölum eru PE pípur soðnar saman , en í öðrum rýmum PP pípur.
Frárennsli frá vöskum leitt í fráveitukerfi á vegum sveitarfélagsins.
Frárennsli frá gólfniðurföllum vinnslurýma er leitt sérstakt fráveitukerfi og hreinsistöð hússins og meðhöndlað þar.
Afrennsli frá vélum og búnaði honum tengdum er veit í hreinsistöð og er hreinsað þar og dælt yfir höfnina í útrásarmannvirki Vestmannaeyjabæjar á Eiðinu og þaðan um útrrásarpípu.
Regnvatn af þökum er leit um regnvatnskerfi VSV að fráveitukerfi sveitarfélagsins og í höfnina.

Neysluvatnskerfi:
Neysluvatns kemur frá HS-veitum um dreifikerfi þeirra er inntak í mótorhúsi sem þjónar þessum hluta frystihús.
Um er að ræða almennt neysluvatnkerfi sem þjónar starfsmannaaðstöðum og hefðbundnum rýmum.
Lagnir eru Pex pípur og ryðfríar stálpípur Mikil vatnaþörf vinnslurýmum og er vatn leit í jörðu í PE pípum að stofntengingum og þaðan í sjáanlegum PPR pípum að vinnslulínum.
Slökkvivatn er lagt í ryðfríum pípum að brunaslöngum. Brunaskápar verður úr ryðfrítt efni 316 eða duplex

Hitakerfi:
Inntaveituinntak er í mótorhúsi og er lokað hitakerfi HS-veitna notað ásamt endurvinnslu á orku frá kælivélum frystikerfa.
Vinnslurýmu eru hituð með með hitablásurum en önnur rými annað hvort með ofnum eða gólfhitakerfum.
Stofnlagnir eru PPR pípur í blautrýmum ásamt yðfríum pressufittings rörum en í öðrum rýmum svartur pressufittings.

Loftræsikerfi:
Í byggingunni er loftræsing í samræmi við starfsemi og notkun rýma, sbr gr 10.2.7 í byggingarreglugerð. Uppbygging er með smærri loftræsieiningum sem hver þjónar afmörkuðum rýmum/svæðum.
Þar sem sem það á við er loftræsing notuð til upphitunar á rýmum og eru varmaendurvinnsla í öllum stærri kerfum.

Meðhöndlun sorps og meðferð hættulegra efna:
Sorp er flokkað skv. reglum um sorpflokku sveitarfélagins.
Á svæði VSV nokkur sorpflokknarsvæði sem sorpi er safnað saman en flutt á gámasvæði VSV við Strandveg og flutt þaðan í Sorpu flokkunar og endurvinnslustöð Vestmannaeyjabæjar.
Sem eyðir því skv. reglum um sorflokkun eða sendir í endurvinnslu allt eftir eðli úrgangs. .

Stærðir	M^2	M^3
Botnplata	X	616,3
Kjallari	330,4	1.406,8
1.Hæð	3.008,2	17.181,7
2.Hæð	2.705,7	16.224,3
Samtals	**6.044,3**	**35.429,1**

Vestmannaeyjar
Rafrænt innsiglað af byggingarfulltrúa
Dags: 05.11.2025
Á ábyrgð hönnuðar



Lykillmynd

Yfirfarið af brunahönnuði
LOTA

A	01.10.2024	byggingarlýsing og skráingartafli uppfært

BREYTINGAR

Tark ARKITEKTAR
HÁTÚNI 2b - 105 REYKJAVÍK
SÍMI: 540 5700
tark@tark.is - www.tark.is

VERKHEITI
Strandvegur 82B
lðnaður
Aðaluppdrættir

VERK
Skráningartafla/ byggingarlýsing

MÁL:	DAGS.:
1 : 1 / A1	08.02.2023
HANNAÐ:	TEIKNAÐ: MBE
YFIRFARIÐ: MBE	

VERKNÚMER	FL	TEIKNINGANÚMER	ÚTG
760-07	04	1.00-01	A

SAMÞ.

Öll afnot og afrit teikninga, að hluta eða heild, er háð samþykki höfunda, skv. ákvæðum höfundalaga.